

## Hugmynd að uppskiptingu Landsvirkjunar

Í skýrslunni „Orkan okkar 2030“ leggur Lars Christiansen til að skipta Landsvirkjun upp í einingar og selja þær síðan í einkavæðingarferli. Skýrslan birtist 2.6.2016, en þó að nokkuð sé um liðið síðan þá, er málefnið enn áhugavert.

Lars er tíðrætt um eignatengsl Landsvirkjunar og Landsnets og vill rjúfa þau að fullu.

Hann nefnir ekki frekar hvernig skipting Landsvirkjunar upp í einingar gæti farið fram.

### Uppskipting Landsvirkjunar

Ein leið til þess að skipta Landsvirkjun upp í einingar gæti verið að byggja uppskiptinguna á tegundum virkjana. Hinar nýju einingar eða fyrirtæki, sem við það mundu klofna út úr móðurfyrirtækinu og verða að nýjum fyrirtækjum, mætti í bili kalla LV-Jarðvarma og LV-Vindorku.

Nánari útfærsla gæti orðið með eftirfarandi hætti:

1. Stofnuð verði tvö ný fyrirtæki LV-Jarðvarmi og LV-Vindorka sem í upphafi væru í eigu ríkisins.
2. Landsvirkjun mundi halda öllum sínum vatnsaflsvirkjunum og verður þá nánast jafn stór og áður. Fyrirtækið einbeiti sér í framtíðinni að byggingu og rekstri vatnsaflsvirkjana.
3. Jarðvarmavirkjanir Landsvirkjunar, Kröfluvirkjun og Bjarnarflagsvirkjun, verði færð í sérstakt fyrirtæki, LV-Jarðvarma, og með þeim færu um 3,5% af orkuvinnslu Landsvirkjunar. Framkvæmdir á Þeistareykjum mundu einnig flytjast yfir. Áframhaldandi rekstur LV-Jarðvarma verði þá í samkeppni við Orku Náttúrunnar, HS Orku og önnur sambærileg fyrirtæki.
4. Tilrauna-vindrafstöðvar Landsvirkjunar á Hafinu fyrir ofan Búrfellsvirkjun verði færðar í sérstakt fyrirtæki LV-Vindorku. Núverandi orkuvinnsla á Hafinu er hverfandi eða aðeins um 6 GWh/ári. Samkvæmt þessum hugmyndun mundi LV-Vindorka yfirtaka hugmyndir og undirbúning Landsvirkjunar að vindlundum á Hafinu ofan Búrfellsvirkjunar og við Blönduvirkjun.

### Landsvirkjun

Samkvæmt þessum hugmyndum mundi Landsvirkjun í framtíðinni eingöngu einbeita sér að virkjun og rekstri vatnsafls.

Á undanförunum árum hefur vatnsaflíð hjá Landsvirkjun að nokkru leyti horfið í skuggann af óraunhæfum hugmyndum um virkjun vindorku og lagningu sæstrengs til Bretlands. Enn má nefna að á síðastliðnum árum hefur frekar lítið gerst hjá Landsvirkjun í rannsóknum á virkjun vatnsfalla. Það hefur skort metnað hjá Landsvirkjun í uppbyggingu og rekstri á vatnsaflsvirkjunum sínum.

Ef Landsvirkjun væri skipt frekar upp, eins og Lars er reyndar að stinga upp á, þá væri hægt að hugsa sér skiptingu eftir vatnasviðum: Þjósár- og Tungnaárvirkjanir, Sogsvirkjanir, Blönduvirkjun og Kárahnjúkavirkjun. Töluverð andstaða virðist vera gegn hugmyndum af þessu tægi, ekki hvað síst á pólitískum vettvangi. Tilvalið gæti þá verið að sjá til hvernig færi með stofnun og jafnvel sölu LV-Jarðvarma og/eða LV-Vindorku til einkaaðila áður en hafist verði handa við að skipta Landsvirkjun upp í smærri vatnsorkueiningar.

Sögulega séð er staða Landsvirkjunar hvað sterkust í vatnsaflinu.

## **LV-Jarðvarmi**

Á sviði jarðvarma virðist Landsvirkjun, þekkingarlega séð, ekki hafa neitt sérstakt forskot á önnur raforkufyrirtæki nema í hinni fjárhagslegu stöðu, það sem bakstuðningur er í hagnaði af rekstri vatnaflsvirkjana fyrirtækisins.

Jarðvarmavirkjanir Landsvirkjunar eru vel komnar í sérstöku fyrirtæki, sem ætti síðan að vera auðseljanlegt á markaði.

Ef jarðvarmavirkjanir væru teknar frá Landsvirkjun og færðar í sérstakt fyrirtæki þá þarf vissulega að fara yfir orkusölusamninga sem hafa verið gerðir og aðlaga þá að breyttu rekstrarformi.

## **LV-Vindorka**

Vindrafstöðvar framleiða minna með minnkandi vindstyrk og starfa ekki í logni.

Vegna mikils kostnaðar við starfrækslu vindrafstöðvar hér á landi þyrfti að koma til einhvers konar niðurgreiðsla til vindrafstöðvanna og þá væntanlega úr ríkissjóði. Þessar niðurgreiðslur mættu gjarnan vera sýnilegar.

Með hinu nýja fyrirkomulagi á uppskiptingu Landsvirkjunar væri hægt að koma í veg fyrir að Landsvirkjun flytji sjálf, með millifærslum innandyra, hagnað af rekstri vatnsaflsvirkjana yfir til vindrafstöðva. Það er ógegnsætt og óheppilegt rekstrarform. Með því væri öðrum aðilum gert ómögulegt að eiga í samkeppni við Landsvirkjun um að reisa og reka vindrafstöðvar til að selja raforku inn á landsnetið.

Starfsemi og orkusölusamningar LV-Vindorku gætu verið leiðbeinandi fyrir aðra aðila t.d. samtök bænda eða aðra þá sem hefðu áform um að reisa nettengdar vindrafstöðvar jafnvel með þátttöku innlendra og/eða erlendra fjárfesta.

## **Auðlindasjóður**

Lars Cristensen leggur til að hagnaður af sölu eininga úr Landsvirkjun verði lagður í sérstakan Auðlindasjóð í eigu þjóðarinnar.

Ef menn kjósa að hefja byggingu vindrafstöðva í stórum stíl, eins og Landsvirkjun hefur reyndar lagt til, þá mætti kannski nota Auðlindasjóðinn til að hafa umsjón með niðurgreiðslum til vindrafstöðva og þá fyrir opnum tjöldum?